



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

9. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 11. mars 2019. Fundurinn var fjarfundur.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Páll Marvin Jónsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forfallaðir:

Pálmi Kristjánsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundinn sat einnig Eva Björk Harðardóttir, formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Verkefnin sl. misseri
- Verkefnin framundan
- Önnur mál

Áfangastaðaáætlun – DMP

- Kynningar fyrir sveitarfélögin langt komnar, einungis Mýrdalshreppur, Hrunamannahreppur og Rangárþing eystra eru eftir. Svólítið misjafnt hvernig fundirnir hafa verið uppsettir, ýmist sem sér fundur eða sem hluti af öðrum, en allir fulltrúar mjög áhugasamir í lok kynningar og sýnt vilja til að nýta sér þetta í frekari vinnu. Ferðin á Höfn var samnýtt í kynningu og heimsóknir til fyrirtækja.
- Formaður stjórnar spyr í hvaða farveg fyrirspurnir um samstarf um stefnur og áætlanir sveitarfélaga fara innan markaðsstofunnar. Dagný svarar að það sé þá á höndum sveitarfélaga að boða hagaðila í vinnuna.
- Verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar tók þátt í fundi sem haldinn var með aðilum um samgöngur á tímabilinu.
- Samgöngunefnd SASS hefur óskað eftir samvinnu/samtali um samgönguhluta áætlunarinnar sem innlegg í þeirra vinnu til að tryggja samlegð.
- Umræða var um hlutverk markaðsstofu í t.d. umfjöllun um lokanir svæða og slíkt. Stjórn sammála um að MSS geti veitt stuðning við hlutaðeigandi svæði og stofnanir.
- Verkefnin „ferðaleiðir“ og „jákvæð skilaboð um ferðapjónustuna“ ganga vel. Birtar hafa verið greinar, skilaboð og myndbönd fara svo í dreifingu innan skamms. Unnið er að ferðaleiðaverkefni samhliða kynningum fyrir sveitarfélögum. Búið er að fá tengiliði í samstarf á hverju svæði og verður farið á fullt að móta leiðir að loknum kynningum fyrir sveitarfélög. Hugmyndir um áttavita fengið jákvæðar undirtektir og tengjast inn á þessar ferðaleiðir. Þá er umgjörð um ferðaleiðir komin vel á veg.

MAS samstarf

- Forstöðumenn funduðu einu sinni á tímabilinu en annars var unnið í vinnuhópum um DMO (e. Destination management organisation) og í vefhóp. Undirbúningur hefur verið í gangi fyrir sameiginlegan fund með formönnum og framkvæmdastjórum en hann er fyrirhugaður seinnipartinn í mars.
- **DMO** vinna er langt á veg komin en búið er að forma hugmyndina og koma henni í form erindis. Ekki hægt að leggja erindið fyrir þennan stjórnarfund þar sem yfirferð allra svæða er ekki lokið. Dagný sendir tillögur á stjórn á næstu dögum þegar allir fulltrúar MAS hafa farið yfir.
- Erindi til Utanríkisráðherra sent og beðið svara.
- Samþykkt hefur verið í vefhóp (og forstöðumenn) að fara í uppfærslur á vefsíðu en gert hefur verið ráð fyrir því í fjárhagsáætlun MSS 2019. Samhliða er verið að skoða gagnagrunn Ferðamálastofu og móta grunn að þarfagreiningu fyrir markaðsstofur landshlutanna til að sjá hvort og hvernig hugmyndir og markmið beggja aðila fara saman. Mikilvægt er að eignarhald efnis, umsjón, ábyrgð og nýting hans sé skýr frá upphafi. Markmiðið að vinna hratt og byggja á fyrri vef. Ragnhildur og Fannar munu vera fulltrúar MSS í þessari vinnu.
- Í kjölfar **Mannamóts** var send út könnun til gesta og sýnenda og sýna niðurstöður hennar almenna ánægju. Eftir er að rýna frekar í niðurstöður til að þróa viðburðinn. Ákveðið hefur verið að kaupa meiri þjónustu við uppsetningu og annað á næsta ári til að minnka álag á starfsmenn markaðsstofanna.

Samstarfssamningur við SASS

Verkefni eru í sínu ferli en Invest South og markaðsteymi hittist vikulega og vilji er fyrir hendi að MSS komi að auknum verkefnum þar. Kynningarefni er í vinnslu um hvar má tjalda á Suðurlandi ásamt fleiri verkefnum/teymum eins og t.d. atvinnuskapandi nemendaverkefni. Verið er að vinna að áhersluverkefnunum tveimur sem MSS hefur umsjón með, umhverfsvænar ferðaleiðir og samræmdur mynda- og textabanki. Fundir og yfirferð með verkefnisstjóra sem kemur til með að leiða myndahlutann. Verkefnið verður unnið að hluta til sem skólaverkefni og möguleiki er á að ráða verkefnisstjóra til að vinna það sem eftir stendur. Ferðaleiðaverkefnið fer undir DMP verkefni og unnin samhliða. Reglulega koma fyrirtæki í ráðgjöf.

Markaðsmál

- Suðurlandi voru aftur veitt **LTG verðlaunin** í sama flokki og 2018 eftir tilnefningu okkar. Ákveða þarf hvað verður gert með þau í ár. Stjórn samþykkir að kaupa ekki kynningarpakka.
- Vinna við **vörumerkjahandbók** er á lokametrunum.
- Stöðugt er unnið í **vefsíðunni**, Siteimprove auðveldar vinnu við síðuna en getum gert mun betur og einnig nýtt kerfið m.a. í greiningar fyrir nýjan/uppfærðan vef. Bíðum eftir tilboði í analytics hlutann, sem við fengum kynningu á fyrr í mánuðinum.
- **Samfélagsmiðlar** enn í höndum Sahara en þessi mál sífellt í skoðun. Beðið verður eftir vörumerkjahandbók og öðrum þáttum til að taka ákvarðanir þar um.
- **Blaðamannafyrirspurnir** koma reglulega og hafa 4-5 stórar fyrirspurnir (tímarit, TV og fl.) borist undanfarið og allar með frekar stuttum fyrirvara. Reynum eins og kostur er að fá að nýta efnið á miðlum MSS og að það miði að okkar áherslum. Í undirbúningi blaðamannaferð með Íslandsstofu frá Þýskalandi sem fer fram í apríl.
- **Mid Atlantic** eftirfylgni er á lokametrum, listi yfir viðmælendur sendur á aðildarfyrirtæki og viðmælendum sendar upplýsingar sem óskað var eftir.
- **Eftirvinnsla MSS** myndbanda er í gangi og getum við væntanlega verið að birta þau út þetta ár. Fyrstu myndböndin strax farin að skila árangri en aðili hefur komið í ráðgjöf eftir að hafa séð myndband um aðild að MSS.
- Undirbúningur fyrir **aðalfund, málþing og árs hátíð** í fullum gangi en skráning er nýlega hafin. Framkvæmdastjóri hvetur stjórn að hvetja fyrirtæki á sínu svæði til þátttöku.
- Undirbúningur hafinn fyrir kynningarferðir í vor. Farin verður t.d. ein ferð til Vestmannaeyja en undirbúningur hafinn með Ferðamálasamtökum Vestmannaeyja. Ferðir verða einnig skipulagðar á önnur svæði.

Opinn kynningafundur Íslandsstofu

Opinn kynningafundur var haldinn um áherslur 2019. Reykjanes kynnti áfangastaðaáætlanir fyrir hönd MAS í forföllum Vestfjarða. Áherslur ársins frekar dreifðar en fram kom að mikilvægt sé að leggja líka áherslu á landshlutana. Höfum tekið upp mánaðarlega upplýsingafundi við Íslandsstofu og komið PR-ferða fyrirkomulagi í fastari skorður. Samstarfsyfirlýsing MAS og Íslandsstofu er áfram til skoðunar.

Faghópur sveitarfélaga

Vetrarfrí fjölskyldunnar verkefninu frá hausti var framhaldið í feb/mars. Birtar voru hugmyndir frá svæðunum sem voru birtar á viðburðadagatali south.is og á facebook hjá MSS. Keyptir voru vefborðar á dfs.is og sunnlenska.is og fékk verkefnið umfjöllun á mbl.is og í Dagskránni.

Starfsmenn MSS hafa sótt **ýmsa fundi** og erindi á tímabilinu, t.d. um samgöngur/vegagerð, atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs, um akstur á hálendi, fræðslufundi um gesti frá Kína og fleiri.

Framkvæmdastjóri **flutti skrifstofu** sína í rými inn af skrifstofu MSS og þurfti að kaupa einhvern búnað í tengslum við það.

Viðtal á RÚV (birt í 10 fréttum) við framkvæmdastjóra um stöðu mála í ferðaþjónustu á Suðurlandi.

Tveir nemendur frá Menntaskólanum á Akureyri komu í **starfskynningu** á skrifstofu MSS part úr degi. Fengu kynningu á starfseminni og góður tími gafst í samtal.

Verkefni framundan

- **Aðalfundur og árshátíð MSS** verður haldin 5. apríl og má sjá dagskrá á south.is.
- **MAS samstarfið.**
 - Erindi um DMO klárað og sent til Ferðamálastofu og Stjórnstöðvar.
 - Verið að skoða dagsetningu fyrir haustráðstefnu, gott að festa með góðum fyrirvara.
 - Verið er að vinna úr könnun sem lögð var fyrir sýnendur og gesti að loknu Mannamóti.
 - Vefhópur heldur áfram vinnu að þróun vefsíðna MAS.
 - Fundur með formönnum/framkvæmdastjórum enn á dagskrá.
- Formaður stjórnar hefur óskað eftir fundum með stóru afþreyingarfyrirtæki og Íslandsstofu en ekki fengið svör. Formaður ætlar að ítreka fyrirspurnir.
- Umræða um hvort og þá hvaða sýningar og vinnustofur erlendis ætti að sækja á þessu ári. Framkvæmdastjóri telur vinnustofur skila miklu, ná meiri fókus á landhlutann. Áherslan á sýningum yfirleitt á Ísland en þar er aftur á móti hægt að skoða/kynna sér hvað önnur lönd eru að gera og sækja fyrirlestra um nýjustu „trend“. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara og ræða þessi mál betur við Íslandsstofu og leggja svo erindi fyrir stjórn.
- **SASS** samstarf og verkefni halda áfram og líklega bætast einhver ný verkefni við.
- **DMP eftirfylgni** heldur áfram samkvæmt áætlun.

- Áfram verður unnið eftir **markaðsáætlun** ársins í markaðsstarfi MSS.
- Áfram verður unnið að verkefnunum **um Ferðaleiðir og Jákvæð skilaboð um ferðaþjónustuna**. Verið er að safna saman efni og funda um ferðaleiðir. Þá verða birtar fleiri greinar um jákvæð áhrif ásamt fróðleiksmolum á samfélagsmiðlum.
- **Innra starf** heldur áfram og súpufundir verða haldnir í byrjun maí með áherslu á fræðslu um Kína.
- **Starfsmannastefna** aðeins setið á hakanum en **öryggis- og geymslumál** komin aftur á skrið.
- **Fundur faghóps sveitarfélaga** verður haldinn í Uppsveitum í næstu viku.

Önnur mál

- Undirritun pappíra til RSK, tveir fulltrúar stjórnar mættu í Fjölheima á fund. Skjöl verða send á aðra stjórnarmenn til undirritunar.
- Birting fyrirtækja á south.is, stefna í því hverjir birtast og hverjir ekki (Ragnhildur). Stjórn samþykkir að fyrirtæki sem eru staðsett í Reykjavík og ekki aðilar í MSS birtist ekki á vefsíðunni, south.is. Framkvæmd á þessu skoðuð samhliða þróun vefs.
- Umræða um hugsanleg áhrif kjarasamninga á rekstur stofunnar.
- Fulltrúar SASS tilkynna að breyting sé á fulltrúum í stjórn fyrir hönd samtakanna, Pálmi Kristjánsson annar aðalfulltrúa SASS hefur sagt sig frá stjórnarsetu og í stað hans kemur inn varamaður SASS Grétar Ingi Erlendsson. Sæti varamanns tekur Eva Björk Harðardóttir. Þetta tekur gildi við stjórnarskipti á aðalfundi Markaðsstofu Suðurlands þann 5. apríl n.k.

Fundi slitið kl. 12:15.